

18. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð sama efnis nr. 219 20. maí 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ**um holræsi í Eskifjarðarkaupstað.**

1. gr.

Þegar Eskifjarðarkaupstaður hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem kaupstaðurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið eða í sérstakt holræsi fyrir ofanjarðarvatn, ef gert er, samkvæmt fyrirmælum verkstjóra. Vanræki einhver að láta gera nýtt holræsi eða endurnýja eldra, innan hæfilegs frests, sem bæjarstjóri ákveður, getur kaupstaðurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Eskifjarðarkaupstaður lætur leggja holræsa stúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1983. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðarmörkum húsa. Heimlagnir eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsa stúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Bæjarstjóri, verkstjóri og byggingarfulltrúi, undir yfirstjórn bæjarstjóra fara með stjórn framkvæmda, er holræsakerfi kaupsins varðar. Heimilt er bæjarstjóra að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárennsliskerfi sínu, ef krafist verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns á öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn bæjarins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur bygginarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, olíur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr bæjarsjóði, en til að standast þann kostnað er húseigendum, sem hús eiga við veg, götu eða svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald, sem nemur 0,20% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar eins og það er reiknað á hverjum tíma. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Gjald þetta getur bæjarstjórn lækkað eða hækkað um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart bæjarsjóði. Kröfur, sem bæjarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með fasteignamatsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjald dagar holræsagjalda eru hinir sömu og annarra fasteignagjalda ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000,00 nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi í Eskifjarðarhreppi nr. 268 21. september 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Eskifjarðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Eskifjarðar fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign bæjarsjóðs. Hún hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt og einnig til hafnarinnar. Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri kaupstaðarins, með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Bæjarstjórn kýs 5 manna nefnd til að hafa umsjón með vatnsveitunni og gera tillögur til bæjarstjórnar um úrbætur og framkvæmdir. Ráða skal sérstakan umsjónarmann til daglegs reksturs vatnsveitunnar.